

## G J A L D S K R Á

### rafveitu Hafnarfjarðar.

26

9. marz

#### I. Raforka.

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

##### A. Lýsing.

Þar, sem orkan er aðallega notuð til lýsingar, skal hún seld:

1. Á heimilum má selja um kwst-mæli samkvæmt gjaldskrárliðunum B 2 og B 3, þó raforkan sé eingöngu notuð til ljósa.
2. Um kwst-mæli á 55 auru hver kwst.
3. Um hemilmæli á 65 kr. hvert árshektowatt (hw), og skal hemilstillingin ávallt standa á heilu hw. Umfram notkun skal hér seld á 55 auru hver kwst.
4. Um kwst-mæli á 12 auru hver kwst, auk fastagjalds, er nemi 2 kr. á ári af hverjum fermeter (m<sup>2</sup>) gólfplatarmáls í rúmi því, er lýsa skal.
5. Um kwst-mæli á 35 auru hverja kwst til skóla, sjúkrahúsa og kirkna. Sé raforkunotkunin meiri en sem svarar 600 klst. notkunartíma, er verðið 15 auru fyrir hverja kwst þar fram yfir.

##### B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

1. Um tvönnu kwst-mæla, annan til ljósa en hinn til heimilisvéla, suðu og hitunar. Um ljósamælinn reiknast 55 auru á hverja kwst, en á hinn mælinn 11 auru.
2. Um einn kwst-mæli á 8 auru hver kwst af fyrstu notkun er nemi:

35 kwst á m <sup>2</sup> á ári af fyrstu 25 m <sup>2</sup> gólfplatar	
25 — — — — — næstu 25 — —	
20 — — — — — — — 25 — —	

en notkun umfram þetta greiðist með 4,5 auru hver kwst.

Notandi greiði hér fastagjald, er nemi 12 auru á hvern m<sup>2</sup> á mánuði, eða hluta úr mánuði, er notandi er tengdur við rafveituna.

Miða skal við gólfplöt allrar íbúðarinnar, sem telst herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús.

Heimilt er að takmarka ákvæði gjaldliðs þessa þannig, að gólfplötur heimilis reiknist eigi yfir 20 m<sup>2</sup> á hvern mann á heimilinu. Þó skal til þess koma leyfi rafveitustjórnar í hvert sinn.

3. Um einn kwst-mæli á 8 auru hver kwst af fyrstu notkun er nemi:

Í íbúð, sem er 1 herb. og eldhús	.....	700 kwst á ári
— — — — 2 — — —	.....	1000 — — —
— — — — 3 — — —	.....	1250 — — —
— — — — 4 — — —	.....	1500 — — —
— — — — 5 — — —	.....	1700 — — —
— — — — 6 — — —	.....	1900 — — —
— — — — 7 — — —	.....	2000 — — —

Notkun umfram þetta greiðist með 4,5 auru hver kwst. Notandi greiði auk þess fastagjald kr. 1.15 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús.

## C. Vélar.

9. marz

Þar, sem orkan er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst-mæli á 25 aura hver kwst.
2. Um hemilmæla á 250 kr. árskw, og 10 aura öll umframnotkun. Rafveitustjóri ákveður stillingu hemilmælis í hvert skipti í hlutfalli við vélaaflið.
3. Um tvígjaldsmæla ef um meira en 10 kw afl er að ræða og ársnotkunartíminn er meiri en 500 klst. á 45 aura á tíma mesta álags, en á 12 aura utan þess tíma.

Tími mesta álags skal talinn:

Í apríl .....	kl. 10½—12½	og 20½—22
— september og marz .....	— 10½—12½	— 19 —22
— október og febrúar .....	— 10½—12½	— 17½—22
— nóvember og janúar .....	— 10½—12½	— 16 —22
— desember .....	— 10½—12½	— 15 —22

Ef ársnotkun um einn mæli er meiri en 5000 kwst, má veita afslátt á notkun utan tíma mesta álags, þannig:

Fyrir fyrstu 5000 kwst utan tíma mesta álags afsl.	0 %
— næstu 5000	10 —
— — 10000	15 —
— — 10000	20 —
— — 10000	25 —
— — 10000	30 —
— — 20000	35 —
— — 30000	40 —
— — 50000	45 —
og notkun umfram 150000	50 —

4. Um mæla þannig reiknað:

120 kr. árs-kw fyrir fyrstu	10 kw
100 — — — næstu	15 —
80 — — — —	25 —
70 — — — afl umfr.	50 —

Auk þess greiðist kwst-gjald, er reiknast þannig, miðað við eitt ár:

Fyrstu 20000 kwst á 4 aura hver kwst	
Næstu 20000 — — 3,6 — — —	
— 20000 — — 3,4 — — —	
— 40000 — — 3,2 — — —	
Notkun umfram 100000 — — 3 — — —	

Sé um eina vél að ræða eða fáar vélar tiltölulega smáar, má reikna aflgjaldið eftir ástimpluðu afli vélanna, og mæla orkunotkun um einfaldan kwst-mæli.

10% afslátt má veita frá ofangreindu verði ef lokað er fyrir strauminn á tímum mesta álags, sbr. gjaldlið C. 3.

## D. Hitun.

Þar, sem orkan er notuð til hitunar, má selja:

1. Til upphitunar húsa, enda sé rafmagnsupphitun aðal upphitun hússins.
  - a. Um sérmæli fyrir hitalögnina á 4,5 aura hverja kwst.
  - b. Um sérmæli fyrir hitalagnir á 3 aura hverja kwst, enda hafi rafveitan rétt til að rjúfa strauminn að hitalögninni frá kl. 11 f. h. til kl. 12 á háð.
  - c. Um sérmæli á 2 aura hverja kwst, enda megi þá rjúfa strauminn af hitalögninni frá kl. 10½ til kl. 12½ og ennfremur 1 klst. að kvöldi þegar álag rafveitunnar er mest.

- d. Um tvígjaldsmæli fyrir hitalagnir á 1,5 eyrir hverja kwst frá kl. 23 til kl. 8, 26 en á 2,3 aura frá kl. 8 til kl. 23. Straumurinn sé rofinn á sömu tímum og 8. marz við D. 1. c.
- e. Um sama mæli sem til annarar heimilisnotkunar samkvæmt gjaldskrárlið B. 2, þannig, að verð á umframnotkun lækki úr 4,5 aurum í 3 aura, ef fullnægt er skilyrðum liðs D. 1. b., í 2 aura ef fullnægt er skilyrðum D. 1. c. og í 2,3 aura ef fullnægt er skilyrðum D. 1. d., og reiknast þá öll næturnotkun á 1,5 aura.
- f. Um kwst-mæli á 1,25 aura hverja kwst næturnotkunar er fram fer frá kl. 23 til kl. 8, enda sé notað eingöngu eða því nær eingöngu næturrafmagn til upphitunar hússins.

Sala samkvæmt gjaldskrárlið D. 1. til fullrar húshitunar er bundin því skilyrði að götulinur og spennubreytar þoli álagið að dómi rafveitustjóra. Ennfremur skulu öll hitunartæki vera fasttengd og gerð hitalagna og hitunartækja háð samþykki rafveitustjóra. Notandi skal kosta tengingu sjálfvirks klukkurofa fyrir hitalögnina, og greiða leigu fyrir hann samkv. sömu reglum, sem gilda um leigu mæla.

2. Til hitunar í iðnaði, handiðn og atvinnurekstri á 4,5 aura enda sé þá minnsta notkun 10000 kwst á ári.
3. Til hitunar í iðnaði, handiðn eða atvinnurekstri um tvígjaldsmæla á 3,5 aura hverja kwst frá kl. 23 til kl. 8 og 10 aura frá kl. 8 til kl. 23.

Við sölu samkvæmt gjaldskrárliðum D. 2. eða D. 3. má bæta því skilyrði, að afslátt megi veita, sem því nemi að raforkunotkun verði eigi dýrari en sambærileg notkun með kolum. Skal þá reikna út afsláttinn um hver áramót eftir á.

#### E. Sjúkrahúsum, skólum, matsölum og gistihúsum má selja um einn kwst-mæli og reiknast verðið þannig:

Til ljósa reiknast 5 kwst á ári á hvern m<sup>2</sup> íveruherbergja, eldhúsa og stofa á verð samkv. gjaldskrárliðum A. 2. eða A. 5, til hreyfla og lækningatækja 800 kwst á ári á hvert kw í málaun þeirra á 25 aura, til suðu ½ kwst á mann á dag á 8 aura og öll umframnotkun á 4,5 aura hver kwst.

#### F. Sumarnotkun.

Rafveitunefnd er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum í liðum A. til E. á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.

#### G. Þegar sérstaklega stendur á

má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema til komi samþykki rafveitunefndar.

#### H. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu

ákveður bæjarstjórn eftir tillögu rafveitunefndar.

### II. Mælaleiga.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækis, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun bindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

26  
9. marz

Tegund mælitækis:	Ársleiga í krónum		
	Upp að 30 amp.	35—75 amp.	Yfir 75 amp.
Einfasa mælar og einfasa hemilmælar .....	8.40		
Þrífasa eingjaldsmælar og þrífasa hemilmælar	12.00	18.00	24.00
Tvígjaldsmælar .....	16.80	24.00	30.00
Sérstakar skiptiklukkur .....	6.00		

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í töflunni, skal leigan vera sem næst 20% af mælisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna.

Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

### III. Heimtaugagjöld.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugagjald, er miðast við fasteignamatsverð á húsum með lóðum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

Nr.	Fasteignamatsflokkur:	Heimtaugagjöld:	
		Jarðlína	Loftlína
1. ....	0— 2500 kr.	55.00 kr.	30.00 kr.
2. ....	2500— 5000 —	110.00 —	60.00 —
3. ....	5000— 7500 —	150.00 —	85.00 —
4. ....	7500— 10000 —	190.00 —	115.00 —
5. ....	10000— 12500 —	225.00 —	140.00 —
6. ....	12500— 15000 —	255.00 —	165.00 —
7. ....	15000— 17500 —	280.00 —	185.00 —
8. ....	17500— 20000 —	300.00 —	210.00 —
9. ....	20000— 25000 —	350.00 —	255.00 —
10. ....	25000— 30000 —	390.00 —	300.00 —
11. ....	30000— 40000 —	440.00 —	325.00 —
12. ....	40000— 50000 —	490.00 —	350.00 —
13. ....	50000— 60000 —	530.00 —	375.00 —
14. ....	60000— 70000 —	550.00 —	395.00 —
15. ....	70000— 80000 —	570.00 —	415.00 —
16. ....	80000— 90000 —	585.00 —	435.00 —
17. ....	90000— 100000 —	600.00 —	450.00 —
18. ....	100000— 125000 —	625.00 —	475.00 —
19. ....	125000— 150000 —	650.00 —	500.00 —
20. ....	150000— 200000 —	700.00 —	525.00 —
21. ....	yfir 200000 —	750.00 —	550.00 —

Ef stærð lóðar eða verð er sérstaklega mikið í samanburði við hús það, er á henni stendur, getur rafveitustjórn veitt afslátt frá ofangreindum heimtaugagjöldum.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 m eða loftlínuheimtaugar meiri en 40 m skal húseigandi kosta það, sem þar er fram yfir. Standi sérstaklega á eða séu óvenjulega miklir örðugleikar við lagningu heimtaugar, má krefjast sérstaks endurgjalds af húseiganda, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir reikningi.

Heimtaugagjöld skulu greiddast með jöfnum mánaðarlegum greiðslum á tveimur árum, og fer fyrsta greiðsla fram um næstu mánaðarmót eftir að heimtaug hefir verið tengd. Sé allt heimtaugagjaldið greitt um leið og tenging fer fram, veitist 10% afsláttur á því.

#### IV. Ýms gjöld.

26

##### 1. Opnunargjöld.

9. marz

Hafi verið lokað fyrir veitu vegna vanskila á gjöldum til Rafveitunnar, er óheimilt að opna aftur fyrir en notandi hefir greitt 1 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

##### 2. Sekt fyrir óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð fyrir en notandi hefir greitt 2 kr. gjald á skrifstofu Rafveitunnar.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá Rafveitunnar frá 12. júlí 1938.

*Félagsmálaráðuneytið, 9. marz 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*

## S A M Þ Y K K T

27

### um girðingu í Svínavatnshreppi í Austur-Húnavatnssýslu.

15. marz

#### 1. gr.

Í Svínavatnshreppi skal vera gaddavirsgirðing frá Svínavatni, sem næst landamerkjum Svínavatns og Stóradals, svo austur að Blöndu yfir Ytri-Löngumýrar- og Tungunesland á hamarinn sunnan Tungness.

#### 2. gr.

Kostnað við girðingu þessa og viðhald hennar skal greiða af sauðfjár- og hrossaeigendum heimilisföstum á býlunum norðan girðingarinnar, innan Svínavatnshrepps og á býlunum Ytri-Löngumýri og Stóradal. Ennfremur af þeim sauðfjár- og hrossaeigendum, er hafa sauðfé eða hross á framangreindum býlum árlangt eða lengur.

Kostnaðinum skal jafnað niður þannig, að sama gjald komi á hvert hross veturgamalt eða eldra og á hverjar 5 kindur veturgamlar eða eldri, þó skulu þeir, sem hafa að meira eða minna leyti afgirt beitolönd sín, aðeins greiða hálf gjöld.

Gjaldtagi á niðurfjöfnum gjöldum félagsmanna skal vera þremur vikum eftir niðurfjöfnun. Gjöld félagsmanna má taka lögtaki.

#### 3. gr.

Allir gjaldendur til girðingarinnar mynda félag, er nefnist Múlagirðingarfélag; hafa allir meðlimir þess atkvæðis- og tillögurétt á fundum þess. Jafnframt eru þeir skyldir til að gegna þeim störfum, er félagið felur þeim (stjórnarstörf, endurskoðun o. þ. h.) endurgjaldslaust, þó aldrei lengur en 3 ár í senn. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.